

**I. EES-STOFNANIR**

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

**II EFTA-STOFNANIR**

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

94/EES/40/01

## STARFSREGLUR EFTA-DÓMSTÓLSINS

|                                                                                          |    |
|------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Orðskýringar (1 gr.) .....                                                               | 01 |
| I hluti - Skipulag dómstólsins.....                                                      | 02 |
| 1 kafli - Dómarar (2 - 5 gr.) .....                                                      | 02 |
| 2 kafli - Forseti dómstólsins (6 - 9 gr.) .....                                          | 02 |
| 3 kafli - Skrifstofa dómstólsins .....                                                   | 02 |
| 1 þáttur - Dómritari og aðstoðardómritarar (10 - 17 gr.) .....                           | 02 |
| 2 þáttur - Embættismenn dómstólsins og aðrir starfsmenn hans<br>(18 - 20 gr.).....       | 03 |
| 4 kafli - Starfsemi dómstólsins (21 - 24 gr.).....                                       | 03 |
| 5 kafli - Tungumál (25 - 27 gr.) .....                                                   | 04 |
| 6 kafli - Réttindi og skyldur umboðsmanna, ráðgjafa og lögfræðinga<br>(28 - 31 gr.)..... | 05 |
| II hluti - Málsmeðferð.....                                                              | 06 |
| 1 kafli - Skrifleg málsmeðferð (32 - 41 gr.).....                                        | 06 |
| 2 kafli - Munnleg málsmeðferð (42 - 48 gr.) .....                                        | 07 |
| 3 kafli - Ráðstafanir varðandi málsmeðferð og gagnaöflun (49 - 51 gr.).....              | 08 |
| 1 þáttur - Ráðstafanir varðandi málsmeðferð (49 gr.) .....                               | 08 |
| 2 þáttur - Ráðstafanir varðandi gagnaöflun (50 - 51 gr.).....                            | 08 |
| 3 þáttur - Boðun og yfirheyrsla vitna og sérfræðinga (52 - 59 gr.).....                  | 09 |

|                     |                                                                                                |           |
|---------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
|                     | 4 kafli - Dómar (60 - 65 gr.) .....                                                            | 11        |
|                     | 5 kafli - Málskostnaður (66 - 71 gr.).....                                                     | 11        |
|                     | 6 kafli - Gjafsókn (72 gr.).....                                                               | 12        |
|                     | 7 kafli - Hafning máls (73 - 74 gr.).....                                                      | 13        |
|                     | 8 kafli - Birting (75 gr.).....                                                                | 13        |
|                     | 9 kafli - Frestir (76 - 78 gr.) .....                                                          | 13        |
|                     | 10 kafli -Frestun málsmeðferðar (79 gr.) .....                                                 | 14        |
|                     | <b>III hluti - Afbrigðileg málsmeðferð.....</b>                                                | <b>15</b> |
|                     | 1 kafli - Frestun aðgerða eða fullnustu og aðrar bráðabirgðaráðstafanir<br>(80 - 86 gr.) ..... | 15        |
|                     | 2 kafli - Frávísunarkröfur og réttarfarságreiningur (87 - 88 gr.) .....                        | 15        |
|                     | 3 kafli - Meðalganga (89 gr.).....                                                             | 16        |
|                     | 4 kafli - Útivistardómar og krafa um ógildingu þeirra (90 gr.).....                            | 16        |
|                     | 5 kafli - Sérstök réttarúræði.....                                                             | 17        |
|                     | 1 þáttur - Málsókn þriðja aðila (91 gr.).....                                                  | 17        |
|                     | 2 þáttur - Endurskoðun (92 - 94 gr.) .....                                                     | 17        |
|                     | 6 kafli - Skýring dóma (95 gr.).....                                                           | 17        |
|                     | 7 kafli - Ráðgefandi álit (96 - 97 gr.).....                                                   | 18        |
|                     | <b>IV hluti - Ýmis ákvæði (98 gr.) .....</b>                                                   | <b>19</b> |
|                     | Viðauki 1 - Yfir yfirvöld sem vísað er til í 1 mgr 55 gr. ....                                 | 20        |
|                     | Viðauki 2 - Yfirvöld sem vísað er til í 1 mgr 3 tl 58 gr. ....                                 | 20        |
|                     | Viðauki 3 - Yfirvöld sem vísað er til í 5 tl 72 gr. ....                                       | 21        |
| <b>94/EES/40/02</b> | <b>ERINDISBRÉF FYRIR DÓMRITARA</b>                                                             |           |
|                     | Sett af EFTA dómstólum 7. apríl 1994.....                                                      | 22        |
| <b>94/EES/40/03</b> | Ákvörðun frá 15. febrúar og 3. maí 1994 um opinbera frídaga                                    |           |
|                     | EFTA-dómstólsins á árinu 1994.....                                                             | 26        |

### III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin
3. Dómstóllinn

**EFTA-STOFNANIR****EFTA-DÓMSTÓLLINN****STARFSREGLUR EFTA-DÓMSTÓLSINS****94/EES/40/01****Samþykktar 4. janúar og 1. febrúar 1994****Opinber þýðing EFTA-dómstólsins**

Með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið,

**ORÐSKÝRINGAR**

með vísan til þess valds sem dómstólum er fengið með samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls,

**1. gr.**

Í reglum þessum merkir:

og

(a) "Samningur", samninginn milli EFTA - ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, bókunir og viðauka við hann.

með vísan til samþykkis ríkisstjórna EFTA-ríkjanna

(b) "EFTA-ríki", aðila að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), sem er aðili að samningnum og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

setur

(c) "Stofnsamþykkt", Bókun 5 með samningnum um stofnsamþykkt EFTA - dómstólsins.

**EFTA - DÓMSTÓLLINN**

hér með eftirfarandi

**STARFSREGLUR:**

## I HLUTI

## SKIPULAG DÓMSTÓLSINS

## 1. KAFLI

## DÓMARAR

## 2. gr.

Skipunartími dómara hefst á þeim degi sem tilgreindur er í skipunarbréfi hans. Sé upphafsdagur ekki tilgreindur skal skipun teljast frá dagsetningu skipunarbréfs.

## 3. gr.

1. Á fyrsta dómþingi í heyranda hljóði, sem dómari situr eftir skipun í embætti, en áður en hann tekur til starfa, skal hann í samræmi við 2. gr. stofnsamþykktarinnar sverja svofelldan eið:

“Ég sver, að ég mun sinna skyldum mínum án hlutdrægni og af samvisskusemi. Ég sver að ég mun gæta trúnaðar varðandi umfjöllun EFTA-dómstólsins um niðurstöðu mála.”

2. Þegar eftir eiðtöku ber dómara, í samræmi við 4. gr. stofnsamþykktarinnar, að undirrita háttðlega yfirlýsingu, þar sem hann lofar að virða þær skuldbindingar sem starfinu tengjast, bæði á starfstímanum og að honum loknum, og einkum skylduna til að gæta heiðarleika og varfærni, þegar hann tekur að sér önnur störf að skipunartímanum loknum eða þiggur hlunnindi.

## 4. gr.

1. Þegar dómstóllinn þarf að taka ákvörðun um, hvort dómari fullnægi enn settum skilyrðum, eða sinni ekki lengur skyldum þeim sem embættinu fylgja, ber forseta dómstólsins að bjóða þeim dómara, sem í hlut á, að tjá sig um málið fyrir dómstólnum fyrir luktum dyrum og að dómritara fjarstöddum.

## 5. gr.

1. Dómarar eru jafnsettir. Þeim er skipað í starfsaldursröð.
2. Röðun ræðst af aldri, ef starfsaldur er hinn sami.
3. Endurskipun veldur ekki breytingum á starfsaldursröð.

## 2. KAFLI

## FORSETI DÓMSTÓLSINS

## 6. gr.

1. Þegar eftir nýskipan dómstólsins samkvæmt 30. gr. samningsins, eins og henni hefur verið breytt með 7. gr.

bókunar um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, skulu dómarar kjósa forseta úr sínum hópi til þriggja ára í senn.

2. Ef sæti forseta verður autt áður en kjörtímabili hans lýkur, kýs dómstóllinn nýjan forseta til loka þess tímabils.

3. Kosning samkvæmt þessari grein skal vera leynileg. Hljóti dómari hreinan meirihluta telst hann kjörinn. Ef enginn dómara fær hreinan meirihluta ber að kjósa aftur. Sá dómari sem fær flest atkvæði í þeirri umferð telst kjörinn. Fáí tveir eða fleiri dómarar jafnmörg atkvæði telst sá kjörinn sem elstur er.

## 7. gr.

Forseti stýrir dómstörfum og stjórnsýslu dómstólsins; hann skal vera í forsæti á dómþingum við umfjöllun dómara um niðurstöðu máls.

## 8. gr.

1. Þegar eftir að stefna hefur verið lögð fram, skal forseti tilnefna dómara til að vera framsögumann í málinu.
2. Dómstóllinn setur reglur til viðmiðunar um það hvernig málum skuli úthlutað til dómara.

## 9. gr.

Ef forseti dómstólsins er fjarverandi, forfallaður eða sæti hans er autt, skal sá dómari gegna störfum forseta sem hefur hæstan starfsaldur samkvæmt 5. gr.

## 3. KAFLI

## SKRIFSTOFA DÓMSTÓLSINS

## 1. þáttur

## Dómritari og aðstoðardómritarar

## 10. gr.

1. Dómstóllinn ræður dómritara. Tveimur vikum áður en taka á ákvörðun um ráðninguna skal forseti skýra öðrum dómurum frá þeim umsóknum sem borist hafa um starfið.
2. Umsókn skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um aldur umsækjanda, þjóderni, háskólamenntun, tungumálakunnáttu, núverandi starf og fyrri störf, og um starfsreynslu á sviði dómstarfa og á alþjóðavettvangi, ef um hana er að ræða.
3. Ráðningu dómritara skal haga samkvæmt þeim reglum, sem fram koma í 3. tl. 6. gr.

4. Dómritari er ráðinn til 6 ára í senn. Hann má endurráða.
5. Dómritari skal sverja eð samkvæmt 3. gr.
6. Dómritara verður aðeins vikið úr starfi fullnægi hann ekki lengur settum skilyrðum eða sinni hann ekki lengur skyldum þeim, sem embættinu fylgja. Dómstóllinn tekur ákvörðun eftir að hafa gefið dómritara kost á að tjá sig.
7. Ef starf dómritara losnar áður en ráðningartíma lýkur, ræður dómstóllinn nýjan dómritara til sex ára.

#### 11. gr.

Dómstóllinn getur, samkvæmt þeim reglum sem settar eru um dómritara, ráðið einn eða fleiri aðstoðardómritara, sem skulu vera dómritara til aðstoðar og gegna störfum hans eftir því, sem heimilt er samkvæmt erindisbréfi fyrir dómritara, sem um getur í 13. gr.

#### 12. gr.

Þegar dómritari og aðstoðardómritari eru fjarverandi, forfallaðir eða starf þeirra er laust, skal forseti fela embættismanni eða öðrum starfsmanni dómstólsins að gegna störfum dómritara tímabundið.

#### 13. gr.

Dómstóllinn setur dómritara erindisbréf eftir tillögu forseta.

#### 14. gr.

1. Á skrifstofu dómstólsins skal halda málaskrá undir eftirliti dómritara. Forseti löggildir málaskrána. Í hana skal skrá öll málflytningsskjöl og fylgiskjöl þeirra, í þeirri röð sem þau berast.
2. Þegar skjal hefur verið skráð, ritar dómritari athugasemd um það á frumrit þess og, sé þess krafist af aðila máls, á afrit sem hann lætur í té í því skyni.
3. Færsla í málaskrá og áritun samkvæmt 2. tl. er frumgagn.
4. Reglur um færslu málaskrár skulu settar í erindisbréf fyrir dómritara samkvæmt 13. gr.
5. Hverjum manni sem hagsmuni hefur er heimilt að skoða málaskrána á skrifstofu dómstólsins og fá afhent afrit eða útdrætti gegn greiðslu gjalds, sem dómstóllinn hefur ákveðið samkvæmt tillögum dómritara.

Aðilar máls geta, gegn greiðslu gjalds samkvæmt nánari ákvörðun dómstólsins, einnig fengið afrit af málflytningsskjölum, staðfest endurrit af dómum, ráðgefandi álitum og fyrirmælum.

6. Birta skal tilkynningu í EES-hluta og EES-viðbót við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins um færslu stefnu í málaskrá, dagsetningu færslunnar, nöfn og heimili aðila, ágreiningsefni, kröfugerð stefnanda og stutta samantekt á málsástæðum og lagarökum og helstu röksemdum sóknaraðila. Einnig skal tilkynna um beiðni um ráðgefandi álit.

#### 15. gr.

1. Dómritari er, í nafni forseta, ábyrgur fyrir móttöku, afhendingu og varðveislu skjala.
2. Dómritari skal aðstoða dómstólinn, forseta og einstaka dómara í öllum opinberum störfum þeirra.

#### 16. gr.

Dómritari varðveitir innsigli dómstólsins. Hann er ábyrgur fyrir skjalasafni hans og hefur yfirumsjón með útgáfum hans.

#### 17. gr.

Dómritari skal vera viðstaddur þegar dómstóllinn kemur saman, samanber þó 4. og 23. gr.

### 2. Þáttur

#### Embættismenn dómstólsins og aðrir starfsmenn hans.

#### 18. gr.

1. Embættismenn dómstólsins og aðrir starfsmenn hans skulu ráðnir í samræmi við ákvæði starfsmannareglna EFTA-dómstólsins.
2. Áður en embættismaður tekur til starfa, skal hann, að dómritara viðstöddum, sverja svofelldan eð fyrir dómsforseta:

“Ég sver að sinna af trúnaði, varfærni og samviskusemi þeim störfum sem mér verða falin af EFTA-dómstólnum.”

#### 19. gr.

Dómstóllinn kveður á um skipulag sitt og getur breytt því, að fengnum tillögum dómritara.

#### 20. gr.

Dómritari er í umboði dómsforseta ábyrgur fyrir stjórnslu dómstólsins, fjárreiðum hans og reikningum.

## 4. KAFLI

### STARFSEMI DÓMSTÓLSINS

#### 21. gr.

1. Forseti ákveður hvenær dómþing skuli haldin.
2. Dómstóllinn getur ákveðið að koma saman, einu sinni eða oftár, annars staðar en þar sem hann hefur aðsetur.

#### 22. gr.

1. Verði tala dómara jöfn vegna forfalla eins þeirra, skal annar dómari, þó ekki forseti, víkja frá þátttöku í umfjöllun um niðurstöðu máls. Dómarar skulu þá víkja í þeirri starfsaldursröð sem kveðið er á um í 5. gr. og skal sá, sem hefur stystan starfsaldur víkja frá fyrstur.

2. Þrír dómaraar hið minnsta skulu viðstaddir á dómþingi. Ef sá fjöldi næst ekki þegar dómstóllinn kemur saman, ber forseta að fresta þinghaldinu þar til sá fjöldi næst.

### 23. gr.

1. Dómstóllinn skal fjalla um niðurstöðu máls fyrir luktum dýrum.
2. Aðeins þeim dómurum, sem viðstaddir voru munnlegan málflutning, er heimilt að taka þátt í umfjöllun um niðurstöðu máls.
3. Hver sá dómari sem tekur þátt í umfjöllun um niðurstöðu máls skal lýsa afstöðu sinni og ástæðum hennar.
4. Sú niðurstaða sem meirihluti dómenda hefur komist að eftir lokaumfjöllun um mál skal ráða ákvörðun dómstólsins. Atkvæði skal greiða í röð sem er öfug við starfsaldursröð eftir 5. gr.
5. Ágreiningi um efni máls, orðalag röð spurninga eða um túlkun atkvæðagreiðslu, skal ráðið til lykta með ákvörðun dómstólsins.
6. Þegar dómstóllinn fjallar um málefni, sem varða stjórnsýslu hans, skal dómritari vera viðstaddur, nema dómstóllinn ákveði annað.
7. Ef dómritari er ekki á dómþingi, skal dómstóllinn, ef þörf er á, fela einum dómara að annast bókun þess sem fram fer. Bókun skal undirrituð af þeim dómara og forseta.

### 24. gr.

1. Réttarhlé skal vera sem hér segir, nema dómstóllinn ákveði annað sérstalega:
  - frá 18. desember til 10. janúar
  - frá pálmásunnudegi til annars sunnudags eftir páska
  - frá 15. júlí til 15. september.

Á meðan réttarhlé stendur skal störfum forseta gegnt á þeim stað þar sem dómstóllinn hefur aðsetur, annað hvort af forsetanum sjálfum, í samvinnu við dómritara, eða af þeim dómara, sem forseti hefur falið að taka sæti sitt.

2. Ef brýna nauðsyn ber til getur forseti kallað dómara saman á meðan réttarhlé stendur.
3. Dómstóllinn skal virða opinbera frídaga á þeim stað, þar sem hann hefur aðsetur.
4. Dómstóllinn getur veitt dómara leyfi frá störfum, ef við á.

## 5. KAFLI

### TUNGUMÁL

#### 25. gr.

1. Tungumál dómstólsins er enska. Þetta tekur til allrar málsmeðferðarinnar þar á meðal umfjöllunar dómara, bókana og ákvarðana dómstólsins.
2. Enska skal notuð við skriflegan og munnlegan hluta málsmeðferðarinnar af aðilum, meðalgönguáðilum og EFTA-ríkjunum, Eftirlitsstofnun EFTA, Bandalaginu og Framkvæmdstjórn Evrópubandalagsins, nema mælt sé fyrir á annan hátt í reglum þessum.
3. Með fyrirvara um ákvæði 27. gr. skulu öll fylgiskjöl, sem lögð eru fyrir dómstóllinn vera á ensku eða ensk þýðing fylgja þeim, nema dómstóllinn ákveði annað.

Ef skjöl eru umfangsmikil, er heimilt að lögð sé fram þýðing á útdrætti úr þeim. Dómstóllinn getur þó hvenær sem er, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni aðila, óskað eftir frekari þýðingu á skjali í heild eða að hluta..

4. Sé þess talin þörf getur dómstóllinn heimilað aðila, að beiðni hans, að ávarpa dómstóllinn við munnlegan málflutning á opinberu tungumáli í EFTA-ríki eða ríki í Evrópubandalaginu. Hið sama er um ávörp, sem beint er að þessum aðila. Beiðni getur einnig komið frá meðalgönguáðila, þó ekki EFTA-ríki, Eftirlitsstofnun EFTA, Bandalaginu eða Framkvæmdastjórn bandalagsins. Ritari dómstólsins skal sjá til þess, að túlkað verði á og úr ensku. Beiðni sem hér um ræðir skal koma fram að minnsta kosti tveimur vikum áður en munnleg málsmeðferð hefst.

#### 26. gr.

Ef vitni eða sérfræðingur lýsir því yfir, að hann sé ófær um að tjá sig á fullnægjandi hátt á ensku, getur dómstóllinn heimilað honum að gefa skýrslu sína á öðru tungumáli. Dómritari skal sjá til þess að túlkað verði á og úr ensku. Beiðni sem hér um ræðir skal að jafnaði koma fram að minnsta kosti tveimur vikum áður en munnleg málsmeðferð hefst.

#### 27. gr.

1. Dómstóli, eða annarri stofnun með dómsvald, sem lagt hefur fram beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins samkvæmt 34. gr. samningsins, er heimilt að setja fram beiðni sína á því tungumáli sem notað er við málsmeðferðina fyrir viðkomandi dómstóli eða stofnun. Dómritari skal sjá til þess að beiðnin verði þýdd á ensku.
2. Dómstóll, eða önnur stofnun með dómsvald, og aðilar að máli, sem rekið er fyrir henni, geta lagt fyrir EFTA-dómstóllinn skjöl á því tungumáli, sem notað er við málsmeðferðina fyrir þeirri stofnun, sem í hlut á. Slík skjöl skulu þýdd á ensku að því marki, sem EFTA-dómstóllinn

telur nauðsynlegt. Dómritari skal sjá til þess, að þýðing verði gerð.

3. Dómritari skal sjá um að skýrsla framsögumanns verði þýdd þannig að hún verði til reiðu á ensku og á því tungumáli, sem notað er við málsmeðferðina fyrir þeim dómstóli eðs stofnun, sem beðið hefur um álit.
4. Aðilum máls fyrir dómstóli þeim, eða annarri stofnun með dómssvald, sem óskar álits, er heimilt að ávarpa EFTA-dómstólinn á því tungumáli, sem notað er við málsmeðferðina fyrir þeim dómstóli eða stofnun, sem í hlut á. Hið sama er um ávörp, sem beint er að þessum aðilum. Dómritari skal sjá til þess að túlkað verði á og úr ensku. Aðili sem óskar eftir því að nota slíkt tungumál skal tilkynna það dómritara að minnsta kosti tveimur vikum áður en munnleg málsmeðferð hefst.
5. Álit EFTA-dómstólsins skal vera á því tungumáli, sem beiðnin var á og á ensku. Álitid er jafngilt frumgagn á báðum tungumálunum.

## 6. KAFLI

### RÉTTINDI OG SKYLDUR UMBOÐSMANNA, RÁÐGJAFAR OG LÖGFRÆÐINGA

#### 28. gr.

1. Umboðsmenn EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnunar EFTA, Bandalagsins eða Framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sem og ráðgjafar og lögfræðingar, sem koma fyrir dóminn eða fyrir önnur dómsyfirvöld, sem dómstóllinn hefur sent réttarbeiðni, skulu njóta friðhelgi vegna orða sinna, ritaðra eða talaðra, sem varða málið eða aðila þess.
2. Umboðsmenn, ráðgjafar og lögfræðingar skulu enn fremur njóta þessara réttinda og aðstöðu:
  - (a) Skjöl sem tengjast meðferð málsins skulu undanþegin leit og haldi. Ef ágreiningur rís geta tollverðir eða lögregla innsiglað skjölin. Þau skulu síðan tafarlaust afhent dómstólunum til skoðunar, sem dómritari og viðkomandi maður skulu vera viðstaddir.
  - (b) Umboðsmenn, ráðgjafar og lögfræðingar skulu eiga rétt á því að fá þann erlenda gjaldeyri, sem þeir kunna að þarfnast til þess að geta rækt skyldur sínar.

- (c) Umboðsmenn, ráðgjafar og lögfræðingar skulu eiga rétt til þess að ferðast án nokkurra hindrana vegna starfa sinna.

#### 29. gr.

Í því skyni að njóta þeirra réttinda, friðhelgi og aðstöðu sem greinir í 28. gr. skulu aðilar, sem geta gert kröfu til þeirra, færa sönnur á stöðu sína á þennan hátt:

- (a) Umboðsmenn skulu leggja fram opinbert skjal, sem gefið er út af því ríki eða þeirri stofnun sem þeir eru umboðsmenn fyrir. Ríkið eða stofnunin skal án tafar senda afrit af skjalinu til dómritara.
- (b) Ráðgjafar og lögfræðingar skulu leggja fram skilríki undirritað af dómritara. Gildi skilríkis er bundið við tiltekið tímabil, sem ýmist má lengja eða stytta eftir því hversu langan tíma málsmeðferð tekur.

#### 30. gr.

Þau réttindi, friðhelgi og aðstaða, sem lýst er í 28. gr. eru aðeins veitt í því skyni að greiða fyrir málsmeðferð.

Dómstóllinn getur svipt mann friðhelgi, ef hann telur að það muni ekki koma niður á meðferð málsins.

#### 31. gr.

1. Sýni ráðgjafi eða lögfræðingur af sér hegðun gagnvart dómstólunum, einstökum dómurum eða dómritara, sem er ósamboðin virðingu dómstólsins, eða nýti hann sér réttindi sín í öðrum tilgangi en þeim sem þau eru veitt til, getur dómstóllinn hvenær sem er mælt fyrir um að hann skuli útilokaður frá frekari þátttöku í meðferð málsins. Gefa skal viðkomandi kost á að taka til varna.

Fyrirmæli dómstólsins taka þegar gildi.

2. Þegar ráðgjafi eða lögfræðingur hefur verið útilokaður frá þátttöku í málarekstri, ber að fresta frekari málsmeðferð samkvæmt því, sem nánar er ákveðið af forseta dómstólsins, til þess að gefa aðila kost á að ráða nýjan ráðgjafa eða lögfræðing.
3. Heimilt er að endurskoða ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt þessari grein.

## II. HLUTI

## MÁLSMEDFERÐ

## 1. KAFLI

## SKRIFLEG MÁLSMEDFERÐ

## 32. gr.

1. Frumrit málflytningsskjala skulu undirrituð af umboðsmanni aðila eða lögfræðingi.

Frumritið ásamt þeim fylgiskjölum sem vísað er til í því, skal lagt fram ásamt fimm afritum fyrir dóminn. Þá skal að auki leggja fram afrit fyrir alla aðra aðila málsins. Afrit skulu staðfest af þeim aðila, sem leggur þau fram.

2. Dagsetja skal öll málflytningsskjöl. Við ákvörðun fresta við meðferð málsins, skal þó aðeins miða við þann dag, sem skjal var afhent á skrifstofu dómstólsins.
3. Með öllum málflytningsskjölum skal leggja fram þau skjöl sem þau eru byggð á ásamt lista yfir þau.
4. Þar sem aðeins er lagður fram útdráttur úr skjali meða málflytningsskjali vegna umfangs þess, skal einnig leggja það fram í heild, eða afrit af því, á skrifstofu dómstólsins.
5. Málflytningsskjöl og önnur skjöl skal leggja fram á skrifstofu ritara á opinberum opnunartíma.
6. Með fyrirvara um það sem áður hefur komið fram í þessari grein, er heimilt, ef mikið liggur við, að leggja fram málflytningsskjöl og önnur skjöl á skrifstofu dómstólsins um myndsendi. Við ákvörðun fresta við meðferð málsins skal miða við, að skjöl hafi verið lögð fram með réttum hætti um myndsendi, enda hafi þau borist að fullu á opinberum opnunartíma skrifstofu dómstólsins á síðasta degi frests, og frumrit þau og afrit sem vísað er til í 1. mgr., verði afhent á skrifstofu dómstólsins eigi síðar en 7 dögum þar á eftir.

## 33. gr.

1. Í stefnu, sem vísað er til í 19. gr. stofnsamþykktarinnar, skal eftirfarandi koma fram:
  - (a) Nafn og heimili sóknaraðila.
  - (b) Deili á málsaðila, sem stefnan beinist að.
  - (c) Efni deilunnar og stutt yfirlit um málsástæður og lagarök.
  - (d) Kröfur sóknaraðila.

- (e) Lýsing sönnunargagna sem krafa er studd, eftir því sem við á.

2. Í þágu málsmeðferðarinnar skal í stefnu tilgreina birtingarstað þar sem dómstóllinn hefur aðsetur og nafn manns, sem hefur umboð til að taka við birtingum og hefur lýst sig reiðubúinn til þess.

Ef stefnan fullnægir ekki þessum skilyrðum og ekki hefur verið bætt úr ágalanum, skulu birtingar fyrir viðkomandi aðila sem málsóknina varða fara fram með ábyrgðarbréfi, sem stílað er á umboðsmann eða lögfræðing aðila. Þrátt fyrir ákvæði 75. gr. skal lögleg birting talin hafa farið fram, þegar ábyrgðarbréf hefur verið afhent á pósthúsi þar sem dómstóllinn hefur aðsetur.

3. Lögfræðingur, sem rekur mál fyrir aðila, skal leggja fram skilríki á skrifstofu dómritara um að hann hafi heimild til að reka mál fyrir dómstóli í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.
4. Stefnu skulu fylgja, eftir því sem við á, gögn þau sem greind eru í 19. gr. stofnsamþykktarinnar.
5. Stefnu, sem gefin er út af lögaðila sem lýtur einkarétti, skal fylgja:
  - (a) Skjal eða skjöl sem kveða á um stofnun eða skipulag þess lögaðila, sem í hlut á, eða nýlegt vottorð úr skrá um atvinnufélög, firmu eða félög eða önnur gögn um tilvist þessa lögaðila.
  - (b) Sönnun um að umboð til handa lögfræðingi aðila hafi verið gefið út af aðila sem var til þess bær.

6. Ef stefna fullnægir ekki skilyrðum þeim sem mælt er fyrir um í 3.-5. tölulíð, skal dómritari kveða á um hæfilegan frest fyrir stefnanda til að bæta úr ágöllum, annað hvort með því að koma stefnunni sjálfri í rétt horf eða leggja fram þau skjöl sem að framan eru talin. Ef stefnandi lætur hjá líða að leiðrétta stefnuna eða leggja fram nauðsynleg skjöl innan þess tíma, sem kveðið er á um, skal dómstóllinn ákveða hvort vísa beri stefnunni frá vegna formgalla.

## 34. gr.

Birta skal stefnuna fyrir stefnda. Ef 6. tl. 33. gr. á við, skal birta stefnuna þegar eftir að bætt hefur verið úr göllum, eða dómstóllinn hefur lýst yfir að stefnan sé tæk, þótt formskilyrðum greinarinnar sé ekki fullnægt.



**35. gr.**

1. Innan mánaðar frá því stefnda var birt stefnan, skal hann leggja fram málsvörn, þar sem fram kemur:

- (a) Nafn og heimili stefnda,
- (b) málsástæður og lagarök, sem byggt er á,
- (c) kröfur stefnda,
- (d) lýsing sönnunargagna sem stefndi byggir á.

Ákvæði 2. mgr. 6. tl. 33 gr. eiga einnig við um stefnda.

2. Forseta dómstólsins er heimilt í undantekningartilfellum að lengja frest samkvæmt 1. tl. þessarar greinar, enda hafi komið fram rökstudd beiðni þar um frá varnaraðila.

**36. gr.**

1. Auk stefnu og málsvarnar er heimilt er að leggja fram andsvör stefnanda og gagnsvör stefnda.
2. Forseti kveður á um fresti til að leggja fram þessi málflytningsskjöl.

**37. gr.**

1. Heimilt er að leggja fram frekari sönnunargögn með andsvörum stefnanda eða gagnsvörum stefnda. Aðili skal þó tilgreina ástæður þess að þau voru ekki lögð fram fyrir.
2. Óheimilt er við meðferð málsins að hafa uppi nýjar málsástæður og lagarök, nema þau séu byggð á lagalegum atriðum eða staðreyndum, sem fyrst verða kunnar meðan á málsmeðferðinni stendur.

Ef annar aðili hefur uppi nýjar málsástæður eða lagarök meðan á málsmeðferðinni stendur á þeim grundvelli, sem segir í undanfarandi málsgrein, getur forseti, þótt almennir málsmeðferðarfrestir séu liðnir, að fenginni skýrslu frá framsögumanni, heimilað hinum aðilanum að svara þessum atriðum.

Ákvörðun um það hvort nýjar málsástæður og lagarök komist að biður dóms í máli.

**38. gr.**

Dómstóllinn getur á hvaða stigi málsmeðferðarinnar sem er kveðið á um hvers konar ráðstafanir varðandi hana eða ráðstafanir varðandi gagnaöflun, sbr. 49. og 50. gr., eða mælt fyrir um að fyrri gagnaöflun skuli endurtekin eða við hana bætt.

**39. gr.**

Dómstóllinn getur hvenær sem er, eftir að aðilum hefur verið gefinn kostur á að lýsa sjónarmiðum sínum, mælt fyrir um að tvö eða fleiri mál, sem varða sama efni, verði vegna þessara tengsla sameinuð fyrir skriflega eða munnlega málsmeðferð eða endanlegan dóm. Heimilt er að aðskilja málin aftur.

**40. gr.**

1. Eftir að gagnsvör stefnda hafa verið lögð fram, skal forseti, með fyrirvara um ákvæði 38. gr., kveða á um það hvenær framsögumanni ber að leggja fram frumskýrslu sína fyrir dómstólinn. Í skýrslunni skal vera tillaga um, hvort ráðstafanir skuli gerðar varðandi málsmeðferð eða gagnaöflun.

Dómstóllinn tekur ákvörðun um aðgerðir, sem framsögumaður hefur gert tillögu um.

Eins skal að farið:

- (a) Þótt engin andsvör eða gagnsvör hafi borist innan þeirra tímamarka sem kveðið er um á um í 2 tl. 36. gr.,
  - (b) þegar aðilar hafa fallið frá rétti sínum til að leggja fram andsvör eða gagnsvör.
2. Ef dómstóllinn ákveður, að munnleg málsmeðferð skuli hefjast, án þess að mæla fyrir um ráðstafanir varðandi málsmeðferð eða gagnaöflun, ákveður forseti nánar dag og stund.

**41. gr.**

1. Forseti ákveður á hvaða degi munnlegur málflytningur hefst, sbr. þó 2. tl. Þó má mæla fyrir um ráðstafanir varðandi málsmeðferð eða gagnaöflun þegar mál er komið í munnlegan flutning, ef til slíkra ráðstafana var gripið og þeim lokið, þegar málið var til skriflegrar meðferðar.
2. Dómstóllinn getur, á grundvelli skýrslu framsögumanns og að fengnu samþykki aðila, ákveðið að fella niður munnlega meðferð.

**2. KAFLI****MUNNLEG MÁLSMEÐFERÐ****42. gr.**

1. Dómstóllinn skal fjalla um þau mál, sem fyrir hann eru lögð, í röð eftir því hvenær undirbúningi munnlegrar málsmeðferðar lýkur. Ákvarðanir samkvæmt 82. gr. hafa þó forgang. Ef undirbúningi lýkur á sama tíma í tveimur eða fleiri málum, skal fjallað um þau í sömu röð og stefnur í þeim hafa verið færðar í málaskrá.
2. Forseta er heimilt við sérstakar aðstæður að ákveða, að mál skuli hafa forgang fram yfir önnur.

Forseti getur við sérstakar aðstæður, eftir að hafa hlýtt á sjónarmið aðila, annað hvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðila málsins, frestað meðferð máls til annars dags. Forseti getur einnig kveðið á um frestun máls, komi fram sameiginleg beiðni um það frá aðilum þess.

**43. gr.**

1. Forseti setur dómþing og stjórnar málsmeðferð og ber ábyrgð á því að dómþingið fari rétt fram.
2. Þegar munnlegur málflutningur fer fram fyrir luktum dýrum, er óheimilt að greina opinberlega frá því, sem þar fer fram.

**44. gr.**

1. Forseti getur, meðan á dómþingi stendur, beint spurningum til umboðsmanna, ráðgjafa eða lögfræðinga aðila.
2. Sama er um aðra dómara.

**45. gr.**

Aðili máls getur aðeins ávarpað dómstólinn fyrir milligöngu umboðsmanns síns, ráðgjafa eða lögfræðings.

**46. gr.**

Við lok dómþings lýsir forseti munnlegri málsmeðferð lokið.

**47. gr.**

Dómstóllinn getur mælt fyrir um að munnleg málsmeðferð skuli endurupptekin.

**48. gr.**

1. Dómritari skráir í gerðarbók það sem fram fer á dómþingi.
2. Í bókun skal koma fram hvar og hvenær munnlegur málflutningur fer fram, nöfn viðstaddra dómara og dómritara, tilgreining máls, nöfn aðila, nöfn og staða umboðsmanna, ráðgjafa eða lögfræðinga aðila, tilgreining skjala, sem lögð eru fram af aðilum við munnlegan flutning, og ákvarðanir dómstólsins eða forseta, sem teknar eru á dómþinginu.
3. Forseti og dómritari undirrita bókun og telst hún opinbert gagn um það, sem fram fer.
4. Aðilum er heimilt að athuga efni bókunar hjá dómritara og fá afhent afrit af henni á eigin kostnað.

**3. KAFLI****RÁÐSTAFANIR VARÐANDI MÁLSMEÐFERÐ  
OG GAGNAÖFLUN****1. Þáttur****Ráðstafanir varðandi málsmeðferð****49. gr.**

1. Ráðstafanir varðandi málsmeðferð skulu tryggja að mál séu undirbúin fyrir munnlegan flutning, og málsmeðferð fari fram og ágreiningur leystur við bestu hugsanlegu aðstæður. Dómstóllinn kveður á um ráðstafanir varðandi málsmeðferð.

2. Ráðstafanir varðandi málsmeðferð skulu sérstaklega hafa þennan tilgang:

- (a) Að tryggja greiða skriflega og munnlega málsmeðferð, og stuðla að vandaðri sönnunarfærslu,
- (b) að afmarka þau atriði sem þarfnast frekari rökstuðnings eða krefjast ráðstafana varðandi gagnaöflun,
- (c) að skýra kröfur aðila, málsástæður þeirra, rök og ágreiningsefni,
- (d) að stuðla að því að sættir takist um ágreiningsefni.

3. Einkum er heimilt að beita eftirtöldum ráðstöfunum varðandi málsmeðferð:

- (a) Að beina spurningum til aðila máls,
- (b) að bjóða aðilum að gera munnlegar eða skriflegar athugasemdir varðandi málsmeðferðina,
- (c) að óska eftir að aðilar máls eða þriðji aðili, gefi upplýsingar eða skýringar,
- (d) að kalla fulltrúa, ráðgjafa eða lögfræðingar aðila eða aðila sjálfa til fundar.

4. Hvor aðili um sig getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, lagt til að beitt verði ráðstöfunum varðandi málsmeðferð eða þeim breytt. Skal þá gefa gagnaðila kost á að tjá sig áður en mælt er fyrir um ráðstöfun.

Ef nauðsyn ber til við málsmeðferðina skal dómritari gera aðilum grein fyrir þeim ráðstöfunum sem dómstóllinn hyggst grípa til og gefa þeim kost á að koma að athugasemdum, munnlega eða skriflega.

**2. Þáttur****Ráðstafanir varðandi gagnaöflun****50. gr.**

1. Að teknu tilliti til 21. og 22. gr. stofnsamþykktarinnar er heimilt að afla sönnunargagna með þessum hætti:

- (a) Komu aðila fyrir dóminn,
- (b) beiðni um upplýsingar og framlagningu skjala,
- (c) munnlegum skýrslum,
- (d) beiðni um sérfræðiálit,
- (e) vettvangsskoðun eða skoðun hlutar sem við sögu kemur.

2. Ráðstafanir varðandi gagnaöflun, sem dómstóllinn hefur gefið fyrir mæli um, eða skoðun hlutar sem kemur við sögu, getur dómstóllinn ýmist framkvæmt sjálfur eða falið það framsögumanni.

3. Dómstóllinn skal kveða á um ráðstafanir varðandi gagnaöflun, sem hann telur við eiga, með fyrir mælum, þar sem fram koma þær staðhæfingar um atvik, sem færa á sönnur á. Aðilum skal gefinn kostur á að tjá sig, áður en dómstóllinn tekur ákvörðun um ráðstafanir varðandi gagnaöflun samkvæmt 1. tl. c, d og e.

Fyrirmælin skal birta aðilum.

4. Gagnsönnun er heimil og heimilt er að styrkja fram komna sönnun.

### 51. gr.

Aðilar eiga rétt á að vera viðstaddir ráðstafanir varðandi gagnaöflun.

### 3. þáttur

#### Boðun og yfirheyrsla vitna og sérfræðinga

### 52. gr.

1. Dómstóllinn getur, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðila, mælt fyrir um að staðhæfingar um atvik skuli sanna með vætti. Í fyrir mælum dómstólsins skal greina þau atvik, sem sönnun beinist að.

Dómstóllinn getur stefnt að eigin frumkvæði, eða að beiðni aðila.

Í beiðni aðila um töku skýrslu af vitni skal skýra nákvæmlega þau atvik, sem vitni er ætlað að bera um og hvers vegna.

2. Vitni skal stefnt með fyrir mælum frá dómstólnum, þar sem þetta skal koma fram:

- (a) Fullt nafn, staða og heimilisfang vitnis,
- (b) tilvísun til atvika, sem skýrsla þess á að lúta að,
- (c) eftir því sem við á, upplýsingar um ráðstafanir af hálfu dómstólsins varðandi endurgreiðslu kostnaðar, sem vitni stofnar til og um viðurlög sem heimilt er að beita vitni, ef það kemur ekki fyrir dóm.

Fyrirmælin skal birta fyrir aðilum og vitnum.

3. Dómstóllinn getur sett það skilyrði fyrir því að stefna vitni að kröfu aðila, að hann greiði til gjaldkera dómstólsins fjárhæð, sem nægi til greiðslu áætlaðs kostnaðar vegna vitnis. Dómstóllinn ákveður fjárhæðina.

Gjaldkeri skal greiða fyrir fram kostnað, sem hlýst af yfirheyrslu vitnis að frumkvæði dómstólsins.

Vitni, sem hefur verið réttilega stefnt, skal sinna stefnunni og koma til yfirheyrslu, nema það sýni dómstólnum fram á að lögmæt forföll hamli.

4. Eftir að deili á vitni hafa verið sannreynd, skal forseti gera því grein fyrir því að það verði krafið um staðfestingu framburðar, og að staðfestingin með þeim hætti, sem greinir í þessum starfsreglum og að allt, sem er rangt hjá vitninu feli í sér brot á 26. gr. stofnsamþykktarinnar.

5. Samkvæmt þeim reglum sem koma fram í 54. gr. skal vitni áður en það gefur skýrslu, sverja svofelldan eið:

“Ég sver að segja sannleikann, allan sannleikann og ekkert nema sannleikann.”

Dómstóllinn getur, eftir að hafa gefið aðilum kost á að tjá sig, leyst vitni undan því að sverja eiðinn.

6. Vitnið skal gefa dómstólnum skýrslu sína, eftir að aðilum hefur verið gefinn kostur á að vera viðstaddir. Eftir að vitni hefur gefið aðalskýrslu sína getur forseti, að beiðni aðila eða að eigin frumkvæði, beint spurningum til vitnis.

Sama á við um aðra dómara.

Fulltrúar aðila geta beint spurningum til vitnis undir stjórn forseta.

7. Dómritari skal færa til bókar frásögn af öllum vitnayfirheyrslum. Í bókun skal, auk þess sem talið er í 2. tl. 48. gr., koma fram fullt nafn, staða og fast heimili hvers vitnis. Í frásögninni skulu vera allar vitnaskýrslur.

Bókanir skal undirrita af forseta dómstólsins eða framsögumanni, sem hefur skýrslutökuna á hendi, af vitninu og af dómritara. Áður en bókanir eru undirritaðar með þessum hætti skal gefa vitnum kost á að sannreyna efni þeirra og undirrita þær.

Bókun hefur fullt sönnunargildi.

### 53. gr.

1. Dómstóllinn getur mælt fyrir um að aflað skuli skýrslu sérfræðings. Í fyrir mælum dómstólsins um skipun sérfræðings skal verkefni hans skilgreint og honum settur frestur til að semja skýrsluna.

2. Sérfræðingurinn skal fá afhent afrit af fyrir mælunum, ásamt öllum þeim gögnum sem honum eru nauðsynleg. Hann skal starfa undir eftirliti framsögumanns. Framsögumanni er heimilt að vera viðstaddur rannsókn sérfræðings og skal veita honum upplýsingar um framvindu verkefnisins.

Dómstóllinn getur farið fram á, að aðilar eða einn þeirra setji tryggingu fyrir greiðslu áætlaðs kostnaðar vegna öflunar sérfræðiskýrslu.

3. Að beiðni sérfræðingsins getur dómstóllinn mælt fyrir um að vitni skuli yfirheyrð. Yfirheyrsla fer fram samkvæmt 52. gr.

4. Sérfræðingi ber aðeins að segja álit sitt á þeim atriðum, sem hann er berum orðum beðinn um álit á.

5. Eftir að sérfræðingurinn hefur samið skýrslu sína, getur dómstóllinn mælt svo fyrir að tekin skuli af honum skýrsla. Aðilar skulu boðaðir til að vera viðstaddir.

Fulltrúar aðila geta beint spurningum til sérfræðingsins undir stjórn forseta.

6. Sérfræðingurinn skal, samkvæmt þeim reglum, sem koma fram í 54. gr. sverja svofelldan eð fyrir dómstólnum:

“Ég sver, að ég hef unnið verk mitt af samvissusemi og óhlutdrægni”.

Dómstóllinn getur, eftir að hafa gefið aðilum kost á að tjá sig, leyst sérfræðinginn undan því að vinna eiðinn.

#### 54. gr.

1. Forsetinn skal brýna fyrir hverjum þeim, sem krafinn er um eð fyrir dómstólnum vegna vitnaframburðar eða sérfræðingskýrslu, að segja sannleikann eða vinna verk sitt af samvissusemi og óhlutdrægni, hvort sem við á. Forsetinn skal minna hann á þá refsíbyrgð, sem kveðið er á um í lögum heimalands hans, ef brotið er gegn þessari skyldu.

2. Vitni eða sérfræðingur skal sverja eð, annaðhvort í samræmi við fyrstu málsgrein 5. tl. 52. gr. og fyrstu málsgrein 6. tl. 53. gr. eða á þann hátt sem segir í lögum heimalands hans.

3. Vitni og sérfræðingar geta gefið hátíðlega yfirlýsingu við þær aðstæður og á þann hátt, sem segir í lögum heimalands þeirra, ef þar er veitt færi á að jafnhliða eða í stað eiðs komi slík yfirlýsing við málsmeðferð og hún er talin jafngilda eiði.

Ef lög heimalands þeirra geyma hvorki ákvæði um eiðtöku né hátíðlega yfirlýsingu, skal farið eftir því sem segir í 1. tölulíð þessarar greinar.

#### 55. gr.

Dómstóllinn getur, samkvæmt þeim reglum, sem mælt er fyrir um í 26. gr. stofnsamþykktarinnar, ákveðið að tilkynna því yfirvaldi, sem vísað er til í 1. viðauka, um vitni, sem ekki sinnir vitnaskyldu eða eiðrof vitnis eða sérfræðings.

Dómritari ber ábyrgð á því að tilkynna ákvörðun dómstólsins. Í ákvörðun dómstólsins skal skýra staðreyndir og þær aðstæður, sem ákvörðun er byggð á.

#### 56. gr.

1. Ef annar aðili mótmælir vitni eða sérfræðingi á þeirri forsendu, að það sé ekki hæft, að það geti ekki borið vitni eða af einhverjum öðrum ástæðum, eða ef vitni eða sérfræðingur neitar að gefa skýrslu, neitar að sverja eð eða að gefa jafngilda hátíðlega yfirlýsingu, leysir dómstóllinn úr málinu.

2. Mótmæli gegn vitni eða sérfræðingi skulu koma fram tveimur vikum eftir birtingu fyrir mæla fyrir vitni eða tilnefningu sérfræðings. Í mótmælum skal greina ástæður þeirra og skýra hvers konar sönnunargögn kunni að verða boðin fram.

#### 57. gr.

1. Vitni eða sérfræðingur skal eiga rétt á endurgreiðslu ferða- og dvalarkostnaðar. Gjaldkeri dómstólsins getur greitt þeim fyrirfram upp í þennan kostnað.

2. Vitni skal eiga rétt á greiðslu vegna tekjutaps og sérfræðingar rétt til þóknunar fyrir þjónustu sína. Gjaldkeri dómstólsins skal reiða fram þessar greiðslur til þeirra eftir að þeir hafi leyst skyldur sínar eða störf af hendi.

#### 58. gr.

1. Dómstóllinn getur, að beiðni aðila eða að eigin frumkvæði, sent réttarbeiðni um að tekin verði skýrsla af vitni eða sérfræðingi.

2. Beiðni skal vera í formi fyrir mæla, þar sem fram kemur fullt nafn, staða og heimilisfang vitnis eða sérfræðings, lýsing atvika, sem vitni eða sérfræðingi er ætlað að bera um, nöfn aðila, umboðsmanna þeirra, lögfræðings eða ráðgjafa, starfsstöð þeirra og stutt lýsing á efni máls.

Dómritari birtir málsaðilum tilkynningu um fyrir mælin.

3. Dómritari sendir fyrir mælin til þess yfirvalds í EFTA-ríki, sem vísað er til í 2. viðauka, á þeim stað þar sem taka á skýrslu af vitni eða sérfræðingi. Með fyrir mælunum skal fylgja, þýðing á opinbert eða opinber tungumál viðtökuríkisins, þar sem slíkt er nauðsynlegt.

Yfirvald það sem vísað er til í 1. mgr. skal annast um að koma fyrir mælunum til þess dómstóls, sem hefur lögsögu í málinu samkvæmt lögum landsins.

Yfirvaldið skal fara með réttarbeiðnina í samræmi við landslög. Eftir skýrslutöku skal dómstóll senda því yfirvaldi, sem um getur í 1. mgr., fyrir mælin, ásamt réttarbeiðninni og þeim skjölum sem varða skýrslutökuna, og sundurliðuðu yfirliti um kostnað. Skjölin skulu send dómritara.

Dómritari sér um að skjölin verði þýdd á ensku.

4. Dómstóllinn greiðir kostnað sem hlýst af réttarbeiðnum, með fyrirvara um rétt til að fella hann á aðila máls, þar sem við á.

#### 59. gr.

1. Dómritari skal skrá það sem fram fer á hverju dómþing í gerðabók..
2. Þegar skýrsla er tekin af sérfræðingi skal í bókun koma fram, auk þess sem talið er í 2. tl. 48. gr., fullt nafn, staða og fast heimilisfang hans.
3. Bókun skal undirrituð af forseta og dómrítara, og hefur hún fullt sönnunargildi.
4. Aðilum er heimilt að kynna sér bókanir og allar sérfræðingsskýrslur hjá dómrítara og fá afhent afrit á eigin kostnað.

#### 4. KAFLI

#### DÓMAR

#### 60. gr.

Í dómi skal koma fram:

- að um sé að ræða dóm EFTA-dómstólsins,
- uppsögudagur,
- nafn forseta og þeirra dómara sem að dómi standa,
- nafn dómrítara,
- upplýsingar um aðila máls,
- nöfn umboðsmanna aðila, ráðgjafa og lögfræðinga
- kröfur aðila,
- ágríp málsatvika,
- dómsforsendur,
- dómsorð, þar á meðal ákvörðun um málskostnað.

#### 61. gr.

1. Dómur skal kveðinn upp í heyranda hljóði. Boða skal aðila til að vera við viðstadda dómsuppsögunna.
2. Frumrit dómsins, sem undirritað er af forseta, þeim dómurum sem að honum stóðu og dómrítara, skal innsigla og varðveita á skrifstofu dómstólsins. Birta skal aðilum máls staðfest endurrit dómsins.
3. Dómritari skráir á frumrit dómsins þann mánaðardag sem hann er kveðinn upp.

#### 62. gr.

1. Dómur er bindandi frá þeim degi er hann var kveðinn upp.

#### 63. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæðin um skýringu dóma, getur dómstóllinn, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðila, sem

fram kemur innan tveggja vikna frá dómsuppsögu, leiðrétt ritvillur, reiknings skekkjur og bersýnilegar villur í dóminum.

2. Dómritari skal gera aðilum viðvart um beiðni og geta þeir gert skriflegar athugasemdir innan þess frests, sem forseti ákveður.
3. Dómstóllinn tekur ákvörðun sína fyrir luktum dyrum.
4. Frumrit fyrir mæla um leiðréttingu skal fylgja frumriti þess dóms sem leiðréttur hefur verið. Skrá skal athugasemd um leiðréttinguna á frumrit hans.

#### 64. gr.

Láti dómstóllinn hjá líða að taka ákvörðun um tiltekna kröfur eða um málskostnað, getur aðili innan mánaðar frá því að dómur var birtur krafist þess að dómstóllinn bæti við dóminn.

Kröfuna skal birta gagnaðila. Forseti kveður á um frest fyrir gagnaðila til að gera skriflegar athugasemdir.

Eftir að slíkum athugasemdum hefur verið skilað skal dómstóllinn ákveða hvort krafa sé tæk og um efni hennar.

#### 65. gr.

Dómritari annast útgáfu dóma sem kveðnir eru upp af dómstólnum.

#### 5. KAFLI

#### MÁLKOSTNAÐUR

#### 66. gr.

1. Ákvörðun um málskostnað skal taka í endanlegum dómi eða í fyrir mælum um lok málsmeðferðar.
2. Mæla skal svo fyrir, að sá aðili sem tapar máli skuli dæmdur til að greiða málskostnað, enda hafi sá sem vinnur málið gert kröfu þess efnis í málf lutningsskjölum sínum.  
Sé um að ræða fleiri en einn aðila, sem tapað hefur máli, ákveður dómstóllinn hvernig skipta skuli greiðslu málskostnaðar milli þeirra.
3. Ef aðili vinnur málið að nokkru en tapar því að nokkru, eða aðstæður eru sérstakar, getur dómstóllinn mælt svo fyrir að skipta skuli málskostnaði eða að aðilar beri hver sinn kostnað.

Dómstóllinn getur mælt svo fyrir, að sá aðili sem vinnur mál, skuli greiða málskostnað sem gagnaðili hans hefur þurft að bera, ef dómstóllinn telur að stofnað hafi verið til málareksturs af ástæðulausu eða af meinbægni.

4. EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA, Evrópubandalagið eða Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, sem efna til meðalgöngu, skulu bera sinn málskostnað.

Dómstóllinn getur ákveðið, að aðrir meðalgönguáðilar en þeir sem nefndir eru í undanfarandi málsgrein, skuli bera kostnað sinn af máli.

5. Leggja skal málskostnað á aðila sem óskar eftir því að hefja málið eða fellur frá þingsókn, ef gagnaðili hefur krafist málskostnaðar. Þó verður málskostnaður lagður á gagnaðilann að kröfu þess sem óskar eftir að hefja mál eða fellur frá þingsókn, ef telja má að framkoma gagnaðilans réttlæti það. Ef aðilar hafa samið um málskostnað skal ákvörðun um málskostnað vera í samræmi við það.

Ef málskostnaðar er ekki krafist, skulu aðilar bera hver sinn kostnað.

6. Þar sem dómi verður ekki lokið á mál fer um málskostnað samkvæmt mati dómstólsins.

#### 67. gr.

Nauðsynlegur kostnaður sem aðili greiðir vegna fullnustu dóms eða fyrirmæla dómstólsins skal endurkræfur úr hendi dómþola samkvæmt þeim reglum, sem um það gilda í ríki þar sem fullnusta fer fram.

#### 68. gr.

Gjald skal ekki taka fyrir málsmeðferð, nema:

- (a) Ef aðili hefur valdið dómstólnum ónauðsynlegum kostnaði, getur dómstóllinn mælt fyrir um, að hann skuli endurgreiða hann,
- (b) þar sem afrit eru tekin eða þýðingarstarf er unnið að ósk aðila, skal kostnaður, að svo miklu leyti sem dómritari telur hann umfram það sem eðlilegt er, borinn af þeim aðila í samræmi við gjaldskrá samkvæmt 5. tl. 14. gr.

#### 69. gr.

Með fyrirvara um ákvæði greinarinnar hér á undan, skal litið á eftirfarandi sem endurkræfan kostnað:

- (a) Fé greitt til vitna og sérfræðinga samkvæmt 57. gr.,
- (b) nauðsynlegan kostnað aðila vegna málarekstursins, sérstaklega ferða- og dvalarkostnað, og þóknun umboðsmanna, ráðgjafa og lögfræðinga.

#### 70. gr.

1. Ef ágreiningur er um kostnað, sem ber að endurgreiða, skal dómstóllinn mæla fyrir um hann samkvæmt kröfu þess aðila, sem í hlut á, og eftir að gagnaðila hefur verið gefinn kostur á að tjá sig.
2. Aðilar geta, vegna fullnustu dómsins, krafist staðfests endurrits af ákvörðuninni.

#### 71. gr.

1. Fégreiðslur frá gjaldkera dómstólsins skulu inntar af hendi í gjaldmiðli þess lands, þar sem dómstóllinn hefur aðsetur.

Að beiðni manns sem greiðslu á að fá, skal greiða í gjaldmiðli þess lands, þar sem stofnað var til þess kostnaðar sem endurgreiða á, eða þar sem þær aðgerðir, sem greitt er fyrir, voru framkvæmdar.

2. Aðrir greiðendur skulu greiða í gjaldmiðli heimalands síns.
3. Skipti á gjaldmiðlum skulu fara fram á opinberlega skráðu gengi á greiðsludegi í því landi, þar sem dómstóllinn hefur aðsetur.

### 6. KAFLI

#### GJAFSÓKN

#### 72. gr.

1. Aðili, sem að hluta eða að öllu leyti er ófær um að standa undir kostnaði af málarekstri, getur hvenær sem er sótt um gjafsókn.

Umsókn skulu fylgja gögn um þörf umsækjanda fyrir aðstoð, þar á meðal vottorð frá þar til bærum yfirvöldum um bágan fjárhag hans.

2. Ef umsókn kemur fram áður en mál sem umsækjandi vill stofna til er höfðað, skal fylgja henni stutt lýsing á efni þess.

Ekki er nauðsynlegt að lögfræðingur standi að slíkri umsókn.

3. Forseti skipar dómara til að vera framsögumaður. Dómstóllinn skal, eftir að hafa kynnt sér skriflegar athugasemdir frá gagnaðila, ákveða hvort gjafsókn skuli veitt að einhverju eða öllu leyti, eða hvort hafna skuli umsókn. Dómstóllinn metur, hvort málsókn er augljóslega ástæðulaus.

Dómstóllinn gefur fyrirmæli án þess að forsendur fylgi.

4. Í fyrirmælum dómstólsins, þar sem ákveðið er að veita aðila gjafsókn, skal mælt fyrir um, að lögfræðingur skuli tilnefndur til að reka málið fyrir hann.
5. Ef gjafsóknarhafi gerir ekki grein fyrir vali sínu á lögfræðingi eða dómstóllinn álitur að á val hans verði ekki fallist, skal dómritari senda afrit ákvörðunar og umsóknar um gjafsókn til þess yfirvalds í viðkomandi EFTA-ríki, sem vísað er til í 3. viðauka.

6. Dómstóllinn skal að eigin frumkvæði, og með hliðsjón af tillögu yfirvalds, skipa viðkomandi lögfræðing.
7. Dómstóllinn getur hvenær sem er, annað hvort af sjálfsdáðun eða samkvæmt kröfu, afturkallað gjafsókn, ef þær aðstæður sem réðu því að hún var veitt breytast á meðan á málarekstrinum stendur.
8. Þegar gjafsókn er veitt, skal gjaldkeri dómstólsins greiða fyrirfram það fé sem nauðsynlegt kann að vera til að mæta kostnaði.

Dómstóllinn kveður á um greiðslu kostnaðar lögmanns og um þóknun hans. Forseti getur, samkvæmt beiðni lögfræðings, úrskurðað að hann skuli fá greiðslu fyrirfram.

Í ákvörðun um málskostnað, getur dómstóllinn kveðið á um greiðslu á útlögðum gjafsóknarkostnaði að einhverju eða öllu leyti til gjaldkera dómstólsins.

Dómritari annast innheimtu þessa fjár hjá þeim aðila, sem fengið hefur fyrirmæli um að greiða það.

## 7. KAFLI

### HAFNING MÁLS

#### 73. gr.

Ef aðilar komast að samkomulagi um deiluefni sitt og tilkynna dómstólnum um, að þeir falli frá kröfum sínum áður en dómstóll tekur ákvörðun, skal forseti mæla fyrir um að mál skuli tekið af málaskrá og kveða á um kostnað í samræmi við 5. tl. 66. gr. með tilliti til tillagna aðila máls um það efni.

Þetta ákvæði tekur ekki til málareksturs samkvæmt 36. og 37. gr. samningsins.

#### 74. gr.

Ef stefnandi tilkynnir dómstólnum skriflega að hann óski eftir því að málið verði hafið, skal forseti mæla fyrir um að það verði tekið af málaskrá. Jafnframt tekur hann ákvörðun um kostnað samkvæmt 5. tl. 66. gr.

## 8. KAFLI

### BIRTING

#### 75. gr.

1. Þegar birta á skjal fyrir EFTA-ríki, Eftirlitsstofnun EFTA, Bandalaginu, eða Framkvæmdastjórn Bandalagsins telst birting hafa farið fram á þeim degi á aðsetursstað dómstólsins, þegar fastanefnd viðkomandi ríkis, eða

fastanefnd Framkvæmdastjórnar Bandalagsins eða ráðs Evrópusambandsins, eða Eftirlitsstofnun EFTA hefur verið tilkynnt með ábyrgðarbréfi eða um myndsendi, að skjalið sé til reiðu hjá dómstólnum.

2. Þar sem þessar málsmeðferðarreglur mæla svo fyrir, að skjal skuli birt fyrir einhverjum öðrum aðila, skal dómritari sjá um að birting fari fram á birtingarstað hans, annað hvort með því að senda skjalið í ábyrgðarbréfi ásamt eyðublaði fyrir móttökukvittun eða með boðsendingu afritsins gegn kvittun.
3. Dómritari skal undirbúa og staðfesta endurrit þeirra skjala, sem birta á, að svo miklu leyti, sem aðilar hafa ekki lagt til afrit samkvæmt 1. tl. 32. gr.

## 9. KAFLI

### FRESTIR

#### 76. gr.

1. Þar sem mælt er fyrir um tímabil í samningnum, stofnsamþykktinni eða starfsreglum þessum, og hann varðar réttarfarsaðgerðir, skal reikna þannig:
  - (a) Þar sem tímabili er lýst í dögum, vikum, mánuðum eða árum, ber að miða upphaf þess við þann dag er sá atburður gerðist eða athöfn var framkvæmd, sem miðað er við. Sá dagur sem atburður gerðist á eða aðgerð var framkvæmd á, telst ekki falla innan þess tímabils sem um ræðir,
  - (b) tímabili, sem lýst er í vikum, mánuðum eða árum, lýkur við lok sama viku- eða mánaðardags og talið er frá og sá atburður gerðist eða sú athöfn var framkvæmd á, sem talið er frá. Ef fresti er lýst í mánuðum eða árum og lokadagurinn er ekki í síðasta mánuðinum, telst honum lokið við lok síðasta dags mánaðarins,
  - (c) sé tímabili lýst í mánuðum og dögum, skal fyrst reikna það í heilum mánuðum, en síðan í dögum,
  - (d) opinberir frídagar, laugardagar og sunnudagar skulu taldir með tímabili,
  - (e) tímabil lengjast ekki vegna réttarhlés.
2. Ef tímabili sem um ræðir á ella að ljúka á laugardegi, sunnudegi eða opinberum frídegi, skal það lengjast til loka fyrsta vinnudags þar á eftir.

Dómstóllinn gerir lista yfir opinbera frídaga og birtir hann í EES-hluta og EES-viðauka við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

**77. gr.**

Frest til að höfða mál vegna ráðstafana Eftirlitsstofnunar EFTA skal telja frá næsta degi eftir að tilkynning um ráðstöfun berst þeim manni, sem hún varðar. Ef opinber birting um ráðstöfun fer fram, hefst fresturinn á fimmtánda degi eftir birtingu í EES-hluta og EES-viðauka við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

**78. gr.**

Fresti, sem kveðið hefur verið á um eftir þessum reglum, má lengja samkvæmt ákvörðun þess sem mælti fyrir um þá.

Frestir, sem mælt er fyrir um í samningnum, stofnsamþykktinni eða reglum þessum, verða ekki lengdir af þeirri ástæðu einni að um langan veg sé að fara fyrir viðkomandi.

Forseti getur falið dómritara að kveða á um fresti samkvæmt starfsreglum þessum, enda sé það þar falið forsetanum.

**10. KAFLI****FRESTUN MÁLSMEÐFERÐAR****79. gr.**

1. Forseti getur ákveðið að fresta málsmeðferð eftir að hafa kynnt sér sjónarmið framsögumanns og aðila. Ekki þarf að kalla eftir sjónarmiðum aðila, ef leitað er ráðgefandi álits, sbr. 96. gr.

Málsmeðferð má hefja að nýju með fyrirmælum eða ákvörðun, sem tekin er með sama hætti.

Fyrirmæli eða ákvarðanir eftir þessari grein skal birta aðilum.

2. Frestun málsmeðferðar skal taka gildi á þeim degi, sem fram kemur í fyrirmælum eða ákvörðun um frestun, en annars frá dagsetningu fyrirmæla eða ákvörðunar.

Ef málsmeðferð er frestað lengjast frestir sem aðilar hafa sem því nemur.

3. Þar sem fyrirmæli eða ákvörðun um frestun máls mæla ekki fyrir um lengd frests, skal honum ljúka á þeim degi sem tilgreindur er í fyrirmælum eða ákvörðun um, að málsmeðferð hefjist á ný, en annars á þeim degi sem fyrirmæli eða ákvörðun eru tekin, ef slíka tilgreiningu skortir.

Tímafrestitir byrja að líða að nýju frá þeim degi sem frestun á málsmeðferð lýkur.



## III. HLUTI

### AFBRIGÐILEG MÁLSMEÐFERÐ

#### 1. KAFLI

#### FRESTUN AÐGERÐA EDA FULLNUSTU OG AÐRAR BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR

##### 80. gr.

1. Beiðni um frestun á framkvæmd ráðstöfunar, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur kveðið á um samkvæmt 40 gr. samningsins, kemst því aðeins að, að beiðandi hafi mótmælt henni í máli fyrir dómstólinum.

Beiðni um aðrar bráðabirgðaráðstafanir, sem vísað er til í 41. gr. samningsins, skal því aðeins komast að, að hún sé gerð af þeim, sem á aðild að máli fyrir dómnum og tengist málinu.

2. Í beiðni af því tagi, sem vísað er til í 1. t. þessarar greinar, skal lýsa efni aðalmálsins, þeim ástæðum sem kalla á skjótar aðgerðir og lagarökum og málsástæðum, sem á því stigi eru fyrir þeirri bráðabirgðaráðstöfun, sem krafa er gerð um.
3. Beiðni skal gera í sérstöku skjali og í samræmi við fyrirmæli 32. og 33. gr.

##### 81. gr.

1. Beiðni skal birta fyrir gagnaðila, og skal forseti kveða á um stuttan frest honum til hand til að skila athugasemdum, skriflegum eða munnlegum.
2. Forseti getur mælt fyrir um undirbúningsrannsókn.

Forseti getur tekið beiðni til greina áður en gagnaðili hefur skilað athugasemdum sínum. Þeirri ákvörðun má breyta eða fella niður, án kröfu frá aðilum.

##### 82. gr.

Forseti skal annaðhvort sjálfur taka ákvörðun um beiðni eða vísa henni til dómstólsins.

Ef forseti er fjarverandi eða forfallaður skal fara að ákvæðum 9. gr.

Þegar beiðni berst, skal dómstóllinn fresta öllum öðrum málum og taka ákvörðun. Beita skal 81. gr.

##### 83. gr.

1. Ákvörðun um beiðnina skal taka með rökstuddum fyrirmælum. Þau skal þegar birta aðilum.

2. Fullnustu fyrirmællanna má binda því skilyrði, að beiðandi setji tryggingu. Fjárhæð eða annars konar tryggingu skal miða við aðstæður.

3. Ef ekki kemur fram í fyrirmælunum hvenær bráðabirgðaráðstöfun lýkur, skal henni telið lokið þegar endanlegur dómur er kveðinn upp.

4. Fyrirmælin hafa aðeins áhrif til bráðabirgða og binda ekki dómnum við ákvörðun um efni málsins.

##### 84. gr.

Fyrirmælum má hvenær sem er, breyta eða fella úr gildi vegna breyttra aðstæðna, að beiðni aðila.

##### 85. gr.

Þótt beiðni um bráðabirgðaráðstöfun sé hafnað, kemur það ekki í veg fyrir, að sá aðili sem hana gerði setji síðar fram nýja beiðni á grundvelli nýrra málsatvika.

##### 86. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga við um beiðni um frestun á fullnustu ákvarðana dómstólsins eða á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sem skotið hefur verið til dómstólsins samkvæmt 19. gr. samningsins.

Þar sem það á við, skal í fyrirmælum þar sem beiðni er tekin til greina, tilgreina þann dag sem bráðabirgðaráðstöfun á að ljúka.

#### 2. KAFLI

#### FRÁVÍSUNARKRÖFUR OG RÉTTARFARSÁGREININGUR

##### 87. gr.

1. Aðili sem gerir kröfu fyrir dómnum um frávísun eða um annað réttarfarsatriði, sem ekki varðar efni málsins, skal gera það á sérstöku skjali.

Í kröfunni skal greina málsástæður og lagarök sem byggt er á og kröfu aðila. Kröfunni skulu fylgja tiltæk skjöl henni til stuðnings.

2. Þegar krafa hefur verið lögð fram, skal forseti þegar í stað kveða á um frest fyrir gagnaðila til þess að leggja fram skriflega kröfur af sinni hálfu og lagarök.

3. Málsmeðferð skal að öðru leyti vera munnleg, nema dómstóllinn ákveði annað.
4. Dómstóllinn tekur ákvörðun um kröfu eða frestar að taka afstöðu þar til lokadómur er lagður á mál.

*Ef dómstóllinn hafnar kröfu eða frestar að taka afstöðu til hennar, skal forseti ákveða nýja fresti til frekari málsmeðferðar.*

#### 88. gr.

1. Þar sem ljóst er að dómstóllinn hefur ekki lögsögu til að fjalla um mál eða mál er augljóslega ekki dómtækt, getur hann, án frekari málsmeðferðar, tekið ákvörðun um mál með rökstuddum fyrirmælum.
2. Dómstóllinn getur hvenær sem er, að eigin frumkvæði, metið hvort mál sé hæft til frekari meðferðar og tekið ákvörðun í samræmi við 3. og 4. tl. 87 gr.

### 3. KAFLI

#### MEÐALGANGA

#### 89. gr.

1. Krafa um meðalgöngu skal koma fram innan þriggja mánaða frá birtingu tilkynningar samkvæmt 6. tl. 14. gr.

Í kröfu skal koma fram eftirfarandi:

- (a) Tilgreining máls,
- (b) upplýsingar um aðila,
- (c) nafn og heimili meðalgönguáðila,
- (d) birtingarstaður fyrir meðalgönguáðila þar sem dómstóllinn hefur aðsetur,
- (e) kröfugerð þess aðila eða þeirra aðila sem meðalgönguáðili óskar leyfis til að taka undir í meðalgöngusökinni,
- (f) skýringar á því hvernig meðalganga þjónar hagsmunum meðalgönguáðila, ef meðalgönguáðili er ekki EFTA-ríki Eftirlitstofnun EFTA, Evrópubandalagið eða framkvæmdastjórn Evrópubandalagið.

Umboðsmaður skal koma fram fyrir hönd meðalgönguáðila samkvæmt ákvæðum 17. gr. stofnsamþykktarinnar.

Reglur 32. og 33. gr. eiga við hér.

2. Krafan skal birt aðilum.

Forseti skal gefa aðilum kost á að skila skriflegum eða munnlegum athugasemdum áður en ákvörðun er tekin um kröfuna.

Forseti tekur ákvörðun um kröfuna með fyrirmælum eða vísar kröfunni til dómstólsins.

3. Ef forseti heimilar meðalgöngu, skal afhenda meðalgönguáðila afrit af öllum skjölum sem birt hafa verið aðilum. Forseti getur þó, að beiðni aðila, sleppt trúnaðarskjölum eða skjölum sem geyma leyndarmál.
4. Meðalgönguáðili verður að ganga inn í málið eins og það er, þegar hann gengur inn í það.
5. Forseti skal kveða á um frest fyrir meðalgönguáðila til þess að leggja fram greinargerð.

Í henni skal koma fram eftirfarandi:

- (a) Kröfugerð meðalgönguáðila, til stuðnings eða til að mótmæla, að hluta eða öllu leyti, kröfum eins aðila málsins,
- (b) málsástæður og lagarök, sem meðalgönguáðili byggir á,
- (c) hvers konar sönnunargögn eru færð fram, ef við á.

Eftir að greinargerð um meðalgöngu hefur verið lögð fram skal forseti, þar sem það er nauðsynlegt, veita öðrum aðilum málsins frest til að gera athugasemdir.

### 4. KAFLI

#### ÚTIVISTARDÓMAR OG KRAFA UM ÓGILDINGU ÞEIRRA

#### 90. gr.

1. Ef stefndi, sem stefna hefur verið réttilega birt fyrir, skilar ekki málsvörn í löglegu fromi innan þess frests sem honum hefur verið veittur, getur stefnandi krafist þess að útivistardómur gangi.

Krafa skal birt stefnda. Forseti ákveður hvenær munnleg málsmeðferð hefst.

2. Áður en útivistardómur gengur skal dómstóllinn taka afstöðu til þess hvort stefna er dómtæk, hvort réttum formsatriðum hafi verið fullnægt og hvort stefnan virðist eiga við rök að styðjast. Dómstóllinn getur þó mælt fyrir um undirbúningsrannsókn.

3. Útivistardómur er fullnustuhæfur. Dómstóllinn getur heimilað frestun fullnustu þar til hann hefur tekið ákvörðun

um kröfu samkvæmt 4.tl., um að fella útvistardóm úr gildi, eða bundið fullnustu því skilyrði að sett verði trygging sem telja má hæfilega og eðlilega miðað við aðstæður. Tryggingu skal skila ef ekki kemur fram krafa um ógildingu, eða ef kröfu þar um hefur verið hafnað.

4. Heimilt er að setja fram kröfu um að útvistardómur verði felldur úr gildi.

Krafa um ógildingu útvistardóms verður að koma fram innan mánaðar frá því dómur var birtur. Kröfu ber að setja fram með þeim hætti sem kveðið er á um í 32. og 33. gr.

5. Eftir að krafa hefur verið birt, kveður forseti á um frest fyrir gagnaðila til að leggja fram skriflegar athugasemdir.

Málsmeðferð skal vera í samræmi við 40. gr. og þær greinar sem á eftir koma.

6. Dómstóllinn tekur ákvörðun með dómi, sem ekki verður ógiltur. Frumrit dómsins skal fylgja frumriti útvistardómsins. Skrá skal athugasemd um dóm varðandi kröfu um ógildingu á frumrit útvistardómsins.

## 5. KAFLI

### SÉRSTÖK RÉTTARÚRRÆÐI

#### 1. þáttur

#### Málsókn þriðja aðila

##### 91. gr.

1. Ákvæði 32. og 33. gr. gilda einnig um málsókn þriðja aðila. Í stefnu skal einnig tilgreina eftirfarandi:

- Dóm þann sem vefengdur er,
- með hvaða hætti dómurinn gengur gegn hagsmunum þriðja aðila,
- ástæður þess að þriðja aðila var ekki unnt að eiga aðild að upphaflega að málinu,

Stefnu skal beint að öllum aðilum upphaflega málsins.

Ef dómur hefur verið birtur í EES hluta og EES viðauka Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins, skal leggja fram stefnu innan tveggja mánaða frá birtingu.

- Dómstóllinn getur að kröfu þriðja aðila mælt svo fyrir að fullnustu dóms skuli frestað. Ákvæði 1. kafla III-hluta eiga við hér.
- Breyta skal hinum vefengda dómi um þau atriði, þar sem kröfur þriðja manns eru teknar til greina.

Frumrit dóms í máli þriðja aðila skal fylgja frumriti hins vefengda dóms. Skrá skal athugasemd um dóm í máli þriðja aðila á frumrit vefengda dómsins.

#### 2. þáttur

#### Endurskoðun

##### 92. gr.

Beiðni um endurskoðun dóms skal koma fram innan þriggja mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um þau atvik sem beiðni um endurskoðun er byggð á.

##### 93. gr.

1. Ákvæði 32. og 33. gr. eiga við um beiðni um endurskoðun. Að auki skal í beiðni greina:

- Dóm þann sem vefengdur er,
- þau atriði í dóminum sem vefengd eru,
- staðreyndir, sem beiðnin byggist á,
- hvers eðlis þau sönnunargögn eru, sem leiða í ljós staðreyndir sem réttlæta endurskoðun dómsins og að frestir þeir, sem settir eru í 92. gr., hafi verið virtir.

2. Beiðni skal beint að öllum aðilum þess máls, sem hinn vefengdi dómur gekk í.

##### 94. gr.

- Með fyrirvara um ákvörðun dómstólsins um efni málsins, skal hann, að virtum skriflegum athugasemdum aðila, taka fyrir luktum dyrum ákvörðun með dómi um það hvort beiðni um endurskoðun kemst að.
- Ef dómstóllinn telur að beiðni skuli komast að, skal hann í framhaldi af því taka beiðnina til efnismeðferðar og kveða upp dóm um efni hennar samkvæmt starfsreglum þessum.
- Frumrit dóms um endurskoðun skal fylgja frumriti þess dóms sem endurskoðun varðaði. Skrá skal athugasemd um dóm um endurskoðun á frumrit hins endurskoðaða dóms.

## 6. KAFLI

### SKÝRING DÓMA

##### 95. gr.

1. Beiðni um skýringar dóms skal setja fram í samræmi við fyrirmáli 32. og 33. gr. Að auki skal þar greina eftirfarandi:

- Dóm þann sem um er að ræða,
- þá hluta dómsins sem beðið er um skýringar á.

Beiðni verður að beina að öllum aðilum þess máls sem hún varðar.

2. Dómstóllinn skal taka ákvörðun með dómi, eftir að hafa gefið aðilum færi á að leggja fram athugasemdir.

Frumrit dóms um skýringu skal fylgja frumriti þess dóms sem skýrður er. Skrá skal athugasemd um dóm um skýringu á frumrit dómsins sem hún varðar.

## 7. KAFLI

### RÁÐGEFANDI ÁLIT

#### 96.gr.

1. EFTA-ríki, sem beitt hefur 34. gr. samningsins til þess að takmarka í löggjöf sinni heimild til að leita ráðgefandi álits við þá dómstóla, eða stofnanir með dómsvald, sem kveða upp endanlega dóma sem ekki verður áfrýjað að landslögum, þar þegar að greina dómstólum frá slíkri löggjöf og þeim breytingum sem á henni kunna að verða gerðar. Tilkynningu skal fylgja texti þeirra laga sem um er að ræða.
2. Í málum, sem 34. gr. samningsins tekur til, skal fara um málsmeðferð að ákvæðum þessara starfsreglna, með þeim breytingum sem leiða af eðli málsins, þegar óskað er ráðgefandi álits.
3. Beiðni um ráðgefandi álit skal fylgja samantekt um mál það sem rekið er fyrir viðkomandi dómstóli aðildarríkis, þar sem fram kemur lýsing á atvikum þess, auk lýsingar á þeim ákvæðum sem leitað er álits á og tengslum þeirra við rétt aðildarríkis, sem nauðsynleg er til að gera dómstólum kleift að skilgreina þá spurningu sem svara er leitað við.
4. EFTA-dómstóllinn getur kallað eftir skýringum frá dómstólum í aðildarríkinu og skal það gert á því tungumáli sem beiðni um álit er rituð á.

#### 97. gr.

1. Beiðnum dómstóla sem vísað er til í 96. gr. skal komið til ríkisstjórna EFTA-ríkja, Eftirlitsstofnunar EFTA, Bandalagsins, Framkvæmdastjórnar Bandalagsins og aðila

málsins, í upphaflegri gerð, ásamt enskri þýðingu. Ákvæði 20. gr. stofnsamþykktar um greinargerðir og skriflegar athugasemdir skulu einnig gilda um aðila deilunnar.

2. Um fulltrúa aðila og komu aðila fyrir EFTA-dómstóllinn við meðferð máls um ráðgefandi álit, skal dómstóllinn taka mið af málsmeðferðarreglum þess dómstóls sem beiðni kom frá.
3. Ef beiðni um ráðgefandi álit hefur að geyma spurningar sem eru augljóslega sams konar þeim sem dómstóllinn hefur þegar dæmt um eða látið uppi álit á, getur hann, eftir að hafa tilkynnt það þeim dómstóli, eða stofnun með dómsvald, sem beiðnina sendi og eftir að hafa farið yfir athugasemdir frá ríkisstjórnnum EFTA-ríkja, Eftirlitsstofnun EFTA, Bandalaginu, framkvæmdastjórn Bandalagsins og aðilum deilunnar, gefið álit sitt með rökstuddum fyrirsmælum þar sem vísað er til fyrri dóms eða álits.
4. Með fyrirvara um ákvæði 3. tl. þessarar greinar, skal hluti málsmeðferðar vegna beiðni um ráðgefandi álit, vera munnlegur.

Eftir framlagingu greinargerðar og athugasemda samkvæmt 20. gr. stofnsamþykktar og 1. tl. þessarar greinar, getur dómstóllinn hins vegar, á grundvelli skýrslu frá framsögumanni og eftir að hafa tilkynnt þeim sem rétt eiga á að leggja fram slíkar greinargerðir eða athugasemdir, ákveðið annað, að því tilskildu að engin þessara aðila hafi óskað eftir að flytja mál sitt munnlega.

Áður en munnleg málsmeðferð hefst, skal senda skýrslu frá framsögumanni til ríkisstjórna EFTA-ríkja, Eftirlitsstofnunar EFTA, Bandalagsins, framkvæmdastjórnar Bandalagsins og aðila deilunnar. Skýrslunni skal fylgja þýðing sem mælt er fyrir um í 3. tl. 27. gr.

5. Heimalandsdómstóll kveður á um kostnað vegna álitsbeiðnar.

Við sérstakar aðstæður er dóminum heimilt, að veita aðstoð með gjafsókn, til að auðvelda aðila að senda fulltrúa eða koma á dómþing. Ákvæði 72. gr. eiga þá við að breyttu breytanda.

## IV. HLUTI

### ÝMIS ÁKVÆÐI

#### 98. gr.

Starfsreglur þessar skulu birtar í EES hluta og EEA viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins. Enskur texti þeirra er frumgagn.

Starfsreglurnar skulu opinberlega þýddar af dómstólum á finnsku, þýsku, íslensku, norsku og sænsku.

**VIÐAUKI 1****Yfirlit sem vísar til í 1. fl. 55. gr.****Austurríki**

Dómsmálaráðuneyti sambandsríkisins

**Finnland**

Dómsmálaráðuneytið

**Ísland**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

**Noregur**

Hið konunglega dóms- og lögreglumálaráðuneyti

**Svíþjóð**

Embætti ríkissaksóknara

**VIÐAUKI 2****Yfirlit sem vísar til 1. fl. 3. til 58. gr.****Austurríki**

Dómsmálaráðuneyti sambandsríkisins

**Finnland**

Dómsmálaráðuneytið

**Ísland**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

**Noregur**

Hið konunglega dóms- og lögreglumálaráðuneyti

**Svíþjóð**

Utanríkisráðuneytið

ÍSLÆNSK ÚTGAFA

## VIÐAUKI 3

**Yfirvöld sem vísað er til í 5. tl. 72. gr.**

**Austurríki**

Dómsmálaráðuneyti sambandsríkisins

**Finnland**

Dómsmálaráðuneytið

**Ísland**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

**Noregur**

Hið konunglega dóms- og lögreglumálaráðuneyti

**Svíþjóð**

Lögfræðingafélag Svíþjóðar

## ERINDISBRÉF FYRIR DÓMRITARA

94/EES/40/02

## Sett af EFTA dómstólum 7. apríl 1994

## I. Hluti

## Hlutverk dómritara

## 1. gr.

- Opinber opnunartími á skrifstofu dómstólsins er frá kl. 9.00 til 12.00 og frá 14.00 til 16.00, mánudaga til föstudaga, nema á opinberum frídögum samkvæmt nánari árlegri ákvörðun dómstólsins.
- Skrifstofan skal þó ávallt opnuð hálfri stundu áður en opinbert þinghald hefst.

## 2. gr.

Dómritari skal vera ábyrgur fyrir varðveislu skjala, sem varða þau mál sem rekin eru fyrir dómstólum og að halda þeim ávallt í réttu horfi.

## 3. gr.

- Dómritari skal, í samræmi við ákvæði starfsreglnanna, vera ábyrgur fyrir því að færa ákvarðanir til bókar. Hann skal leggja bókun til undirritunar fyrir þá dómara sem að henni stóðu.
- Þar sem samningurinn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, starfsreglur dómstólsins eða önnur ákvæði sem fela dómstólum vald, gera ráð fyrir að skjal sé birt, eða tilkynningum og boðum komið á framfæri, skal dómritari sjá til þess að farið sé að starfsreglunum í því efni. Ef annað leiðir ekki af ákvæði 1. tl. 75. gr., skulu skjöl, tilkynningar eða boð, send í ábyrgðarpósti, og með fylgja tilkynning undirrituð af dómritara, þar sem fram kemur númer máls og skráningarnúmer skjalsins, ásamt stuttri lýsingu á innihaldi þess. Afrit af tilkynningunni skal fylgja frumriti skjalsins.
- Birta skal aðilum öll málflytningsskjöl og önnur skjöl, sem varða málsmeðferðina.

Þar sem skjal er mjög umfangsmikið og aðeins eitt eintak af því hefur verið lagt fram á skrifstofu dómstólsins, skal dómritari, eftir að hafa ráðfært sig við framsögumann, upplýsa aðila með ábyrgðarbréfi um að þeim sé heimilt að kynna sér efni þess á skrifstofunni.

## 4. gr.

- Aðili sem hefur lagt fram málflytningsskjal á skrifstofu dómstólsins, skal, ef hann óskar þess, fá kvittun fyrir því.

- Nema forseti eða dómstóllinn heimili annað berum orðum, skal dómritari neita að taka við, eða, eftir því sem við á, án tafar, endursenda með ábyrgðarbréfi, málflytningsskjal eða annað skjal sem ekki er gert ráð fyrir í starfsreglunum eða sem er á öðru tungumáli en þeim sem gert er ráð fyrir í 25. - 27. gr. starfsreglnanna.
- Ef málflytningsskjal er ekki fært í málaskrá sama dag og það er lagt fram, skal skrá athugasemd þar að lútandi.

## 5. gr.

Dómritari skal, eftir að hafa ráðfært sig við forseta og framsögumann, gera ráðstafanir til þess að framfylgt verði ákvæði 6. tl. 33. gr. starfsreglnanna.

Hann skal kveða nánar á um fresti þá, sem mælt er fyrir um í ákvæðinu og koma ákvörðun sinni til vitundar viðkomandi manna með ábyrgðarbréfi og fylgiseðli til að kvitta á fyrir móttöku tilkynningar.

Ef viðkomandi maður fer ekki að tilmælum dómritara vísar hann málinu til forseta dómstólsins.

## 6. gr.

Þar sem ákvörðun dómsins er lýst á dómþingi í heyranda hljóði, skal athugasemd þar um fylgja texta ákvörðunarinnar. Athugasemdin skal vera þannig:

“Uppkveðið í heyranda hljóði á dómþingi í .....  
þann ..... (dags.)

(undirskrift)  
Dómritari

(undirskrift)  
Forseti”

## 7. gr.

- Dómritari skal semja fyrirfram dagskrá um opinber þinghöld dómstólsins.

Þar skal koma fram eftirfarandi:

- dagur, stund og staður þinghalds,
- tilgreining þeirra mála sem tekin verða fyrir,
- nöfn aðila,
- nöfn og staða umboðsmanna, ráðgjafa og lögmanna aðila.



Dagskrána skal hafa til sýnis við innganginn í dómsalinn.

2. Dómritari skal skrá hvert dómþing í gerðarbók, samkvæmt þeim reglum sem mælt er fyrir um í 2.til. 48. gr., 7.til. 52. gr. og 2.til. 59. gr. starfsreglnanna.

Í bókun skal koma fram eftirfarandi:

- hvar og hvenær dómþing er háð,
- nöfn viðstaddra dómara og dómritara,
- tilgreining máls,
- nöfn aðila,
- nöfn og aðsetur umboðsmanna, ráðgjafa og lögmanna aðila, fullt nafn, staða og fast heimili vitna eða sérfræðinga sem yfirheyrðir eru,
- tilgreining sönnunargagna, sem koma fram á dómþinginu,
- tilgreining skjala, sem lögð eru fram af aðilum á dómþinginu,
- ákvarðanir dómstólsins eða forseta, sem teknar eru á dómþinginu.

Ef munnleg málsmeðferð fer fram á tveimur eða fleirum dómþingum, sem háð eru hvert af öðru, er heimilt að skrá skýrslu þar um í einni samfelldri bókun.

#### 8. gr.

Dómritari skal sjá til þess að sá aðili sem falin er rannsókn, eða falið er að gefa sérfræðiskýrslu samkvæmt 53. gr. starfsreglnanna, hafi undir höndum öll þau gögn, sem honum eru nauðsynleg í því skyni.

#### 9. gr.

Vottorð, sem kveðið er á um í b-lið 29. gr. starfsreglnanna skulu afhent ráðgjafa eða lögmanni samkvæmt beiðni hans, þar sem þess er þörf til þess að stuðla að réttu málsmeðferð.

Dómritari semur vottorð þessi.

## II. Hluti

### Málaskrá

#### 10. gr.

Dómritari er ábyrgur fyrir því að málaskrá dómstólsins sé á hverjum tíma rétt.

#### 11. gr.

Þegar stefna er skráð, skal gefa málinu númer og rita skal annaðhvort nafn stefnanda eða efni málsins. Vísa skal til mála eftir númerum þeirra.

Beiðni um að gerðar séu bráðabirgðaráðstafanir skal gefið sama númer og aðalmálið hefur og til viðbótar með bókstafnum R.

#### 12. gr.

Númera skal fyrirfram blaðsiður í málaskránni.

Með reglulegu millibili skulu forseti og dómritari athuga málaskrána og rita upphafsstafi til vitnis þar um á spássú við síðustu færslu.

#### 13. gr.

Málflutningsskjöl í málum sem rekin eru fyrir dómstólnum, ásamt skjölum sem aðilar leggja fram, þar á meðal skjölum sem dómritari lætur birta, skulu færð í málaskrá.

Viðauki, sem ekki hefur verið lagður fram á sama tíma og málflutningsskjal sem hann tengjist, skal skráður sérstaklega.

#### 14. gr.

1. Færa skal skjöl í málaskrá í þeirri röð sem þau hafa verið lögð fram. Skjölín skulu númeruð í samfelldri röð.
2. Málflutningsskjöl skulu skráð í málaskrá um leið og þau eru lögð fram á skrifstofu dómstólsins.

Skjöl sem samin eru af dómstólnum skal skrá í málaskrá daginn, sem þau eru gefin út.

3. Í færslu í málaskrá skulu koma fram nauðsynleg auðkenni á skjali og þá einkum:

- dagsetning færslu,
- tilvísun til máls,
- eðli skjals,
- dagsetning skjals.

4. Þar sem leiðrétting er gerð á málaskrá, skal dómritari gera um það athugasemd og skal dómritari setja við hana upphafsstafi sína.

#### 15. gr.

Skráningarnúmer skjals sem samið er af dómstólnum skal koma fram á fremstu síðu þess.

Stimpla skal eftirfarandi athugasemd um skráningu á frumrit hvers skjals sem lagt er fram af aðilum:

“Fært í málaskrá EFTA dómstólsins sem skjal nr. ....  
þann ..... 19....”

Dómritari undirritar athugasemdir.

### III. Hluti

#### Gjöld fyrir þjónustu sem veitt er á skrifstofu dómstólsins

##### 16. gr.

Engin gjöld má taka fyrir þjónustu önnur en þau sem tilgreind eru í eftirfarandi ákvæðum.

##### 17. gr.

Gjöld má greiða ýmist í reiðufé hjá gjaldkera dómstólsins eða með bankayfirfærslum á bankareikning dómstólsins, sem tilgreindur er á reikningi frá honum.

##### 18. gr.

Þegar aðila sem fengið hefur gjafsókn ber að greiða þjónustugjöld gildir 8. tl. 72. gr. starfsreglnanna.

##### 19. gr.

Þjónustugjöld skulu vera sem hér segir:

(a) Fyrir staðfest endurrit ákvarðana dómstólsins, málflytningsskjala eða bókana, útdrátt úr málaskrá, staðfest endurrit úr málaskrá eða staðfest endurrit samkvæmt b - lið 68. gr. starfsreglnanna, svo og önnur afrit, skal greiða 3.00 s.fr. fyrir hverja blaðsíðu;

(b) fyrir þýðingu sem gerð er samkvæmt b-lið 68. gr. starfsreglnanna, skal greiða allan þann kostnað sem dómstóllinn hefur þar af, þó ekki hærrí fjárhæð en sem *nemur* 150.00 s.fr. fyrir hverja blaðsíðu.

##### 20. gr.

1. Þar sem sótt er um fyrirframgreiðslu samkvæmt ákvæðum 3. tl. 52. gr., 1. tl. 57. gr. og 8. tl. 72. gr. starfsreglnanna til gjaldkera dómstólsins, skal dómritari óska eftir sundurliðun þess kostnaðar sem greiðsla á að ganga til.

Vitni skal leggja fram gögn um tekjutap og sérfræðingar verða að leggja fram yfirlýsingu um gjöld fyrir þjónustu.

2. Dómritari skal gefa fyrirmæli um greiðslur frá gjaldkera samkvæmt undanfarandi málsgrein, gegn kvittun eða annars konar sönnun fyrir greiðslu.

Þar sem dómritari er þeirrar skoðunar að fjárhæð sú sem farið er fram á sé of há, getur hann að eigin frumkvæði lækkað hana eða kveðið á um skiptingu greiðslna.

3. Dómritari skal gefa gjaldkera fyrirmæli um endurgreiðslu kostnaðar vegna réttarbeiðni, sem greiða á samkvæmt 4. tl.

58. gr. starfsreglnanna, til þess yfirvalds, sem þar til bært yfirvald hefur vísað til samkvæmt 3. tl. 58. gr. þeirra reglna, í gjaldmiðli viðkomandi ríkis, gegn sönnun um greiðslu.

4. Dómritari skal gefa gjaldkera fyrirmæli um að inna af hendi þá fyrirframgreiðslu sem um getur í fyrstu og annarri málsgrein 8. tl. 72. gr. starfsreglnanna, enda sé 2. mgr. 2.tl. þessarrar greinar beitt ef við á.

##### 21. gr.

1. Þar sem greiðslur, sem innatar eru af hendi vegna gjafsóknar sem veitt hefur verið samkvæmt 8. tl. 72. gr. starfsreglnanna eru endurkræfar, skal gera kröfu um endurgreiðslu með ábyrgðarbréfi sem undirritað er af dómritari. Í bréfinu skal auk þeirra fjárhæðar, sem krafid er um, tilgreina greiðslumáta og greiðslufrest.

Sama á við þegar a. liður 68. gr. starfsreglnanna á við, svo og 1., 3. og 4. tl. 20. gr. þessa erindisbréfs.

2. Ef fjárhæð sem krafid er um er ekki greidd innan þess frests sem dómritari hefur kveðið á um, skal hann óska eftir að dómstóllinn taki fullnustuhæfa ákvörðun og mæli fyrir um fullnustu hennar samkvæmt 110. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Þar sem aðila er samkvæmt dómi eða fyrirmælum gert að greiða kostnað til gjaldkera dómstólsins og hann er ekki greiddur innan þess frests sem tilgreindur er, skal dómritari beiðast fullnustu.

### 4. Hluti

#### Útgáfur dómstólsins

##### 22. gr.

Dómritari er ábyrgur fyrir útgáfum dómstólsins.

##### 23. gr.

Gefa skal út *Reports of Cases before the EFTA Court* sem skal, nema annað sé ákveðið, innihalda dóma dómstólsins og ráðgefandi álit, ásamt fyrirmælum um bráðabirgðaráðstafanir, sem teknar eru ákvarðanir um á almanaksárinu.

##### 24. gr.

Dómritari skal gera ráðstafanir til þess að eftirfarandi verði birt í *EES hluta og EES viðauka við stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*:

(a) Starfsreglurnar, ásamt breytingum og leiðréttingum á þeim;

(b) tilkynning um málshöfðun samkvæmt 6. tl. 14. gr. starfsreglnanna;

(c) tilkynningar um töku máls af málaskrá;

- (d) dómsorð allra dóma, þar á meðal ráðgefandi álit, og fyrirmæla um bráðbirgðaráðstafanir, enda ákveði dómstóllinn ekki annað;
- (e) tilkynning um skipan EFTA dómstólsins;
- (f) tilkynning um val á forseta dómstólsins;
- (g) tilkynning um ráðningu dómritara;
- (h) tilkynning um ráðningu aðstoðardómritara.

**Lokaákvæði****25. gr.**

Enskur texti erindisbréfs þessa er frumgagn. Erindisbréfið skal opinberlega þýtt af EFTA dómstólnum á finnsku, þýsku, íslensku, norsku og sænsku. Erindisbréfið skal birta í EES hluta og EES viðbæti stjórnartíðinda Evrópubandalganna.

**Ákvörðun frá 15. febrúar og 3. maí 1994  
um opinbera frídaga  
EFTA-dómstólsins á árinu 1994**

94/EES/40/03

**EFTA-DÓMSTÓLLINN HEFUR,**

með hliðsjón af 3. mgr. 24. gr. starfsreglnanna þar sem farið fram á að dómstóllinn virði opinbera frídaga á þeim stað þar sem hann hefur aðsetur,

með hliðsjón af 2. mgr. 76. gr. starfsreglnanna þar sem farið er fram á að dómstóllinn geri lista yfir opinbera frídaga og birti hann í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins,

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

Skrifstofur dómstólsins eru lokaðar á eftirtöldum opinberum frídögum á árinu 1994:

|             |              |                        |
|-------------|--------------|------------------------|
| föstudagur  | 1. apríl     | föstudagurinn langi    |
| mánudagur   | 4. apríl     | annar í páskum         |
| fimmtudagur | 12. maí      | uppstigningardagur     |
| mánudagur   | 23. maí      | annar í hvítasunnu     |
| mánudagur   | 1. ágúst     | þjóðhátíðardagur Sviss |
| fimmtudagur | 8. september | Jeûne Genevois         |
| föstudagur  | 9. september | Jeûne Genevois         |
| föstudagur  | 23. desember | Þorláksmessa           |
| mánudagur   | 26. desember | annar í jólum          |